

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

sent á samráðsgátt

Reykjavík, 12. október 2020

Mál: Umsögn um drög að frumvarpi til laga til breytinga á áfengislögum

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 28. september 2020. Í febrúar 2020 var birt frumvarp til breytinga á áfengislögum þar sem lagt var til að heimiluð yrði vefverslun með áfengi í smásölu til neytenda. Nú er frumvarpið birt aftur með þeirri viðbót að heimila á minni áfengisframleiðendum sölu á eigin framleiðslu á framleiðslustað. SA skiluðu umsögn um frumvarpið eins og það birtist í febrúar og vísa til þess er þar kom fram varðandi vefverslun með áfengi.

Með þeim breytingum sem nú eru lagðar til er handverksbrugghúsum gert kleift að selja öl til neytenda á framleiðslustað. Eins og staðan er í dag geta þeir sem heimsækja handverksbrugghús neytt afurða á framleiðslustað en mega ekki kaupa þær og taka með sér heim í neyslupakkningum. Þar sem það hefur reynst erfitt fyrir smærri brugghús að koma vörum sínum í sölu í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, sem hefur einkarétt á smásölu áfengis, er mikilvægt að þeir fái frekari tækifæri til þess að selja vörur sínar en þeir hafa nú. Sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu er því að mati SA sjálfsögð. Engin ástæða er til þess að haga þessum málum með öðrum hætti hér en á Norðurlöndum. Þannig er samkeppnisstaða minni framleiðenda gagnvart stærri framleiðsluaðilum rétt að einhverju leyti. Þar sem mörg handverksbrugghús sinna ferðapjónustu samhliða áfengisframleiðslu er sérstaklega mikilvægt, í því árferði sem nú ríkir, að gera þeim kleift að selja afurðir sínar jafnhliða því sem starfsemi þeirra er kynnt fyrir ferðamönnum. Það getur orðið þáttur í viðspyrnu ferðapjónustunnar þegar kórónukreppunni lýkur.

Breytingin er tímabær en jafnframt varfærin enda er um að ræða þrönga undantekningu frá einkarétti ríkisins á sölu áfengis. Strangar reglur gilda enn um viðtakanda áfengis. Hann þarf í öllum tilvikum að framvísa sönnun um aldur sinn til þess er afhendir honum áfengi. Þannig er tryggt að þeir sem hafa ekki hafa náð tilskildum aldri, sbr. 18. gr. laga nr. 75/1998, geti ekki keypt sér áfengi með þessum hætti. Sala handverksbrugghúsa á öli auðveldar því ekki aðgengi að áfengi frá því sem nú er enda er öllum mögulegt að heimsækja brugghúsin og smakka eða kaupa afurðir þar til neyslu. Hins vegar tryggir breytingin að handverksbrugghús geta á auðveldari hátt komið vörum sínum í verð. Þannig er samkeppnisstaða þeirra í betra samræmi við samkeppnisstöðu stærri framleiðenda sem hafa betra aðgengi að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Á hinn bóginn efast SA um réttmæti þess að veita framleiðendum einnar áfengistegundar þessa heimild umfram aðra. Lítil brugghús víðs vegar um landið framleiða einnig aðrar tegundir áfengis, t.d. líkjöra. Að mati SA ætti að gera þeim framleiðsluaðilum kleift að sitja við sama borð og bjórframleiðendur að uppfylltum þeim magnskilyrðum sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Að framangreindum athugasemdum virtum og með vísan í umsögn SA frá 20. febrúar 2020 styðja SA að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir